



Alþingi
Erindi nr. P 141/768
komudagur 27.11.2012

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um menningarstefnu. 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 199 – 196. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur ákveðið að senda eftirfarandi umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

MRSÍ fagnar tillögunni og telur það ávallt góða leið að ríkið setji sér ákveðnar stefnur til þess að vinna betur að ákveðnum málaflokkum. Það er þó mikilvægt að slíkar stefnur séu kynntar vel bæði þeim sem koma til með að vinna að málefnum tengdum stefnunum sem og almenningi öllum.

Menningarstarf nýtur verndar ýmissa alþjóðlegra mannréttindasáttmála og ber þar helst samningur Sameinuð þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (SEFMR). Þar segir m.a. í 15. gr. að ríki þau sem séu aðilar að samningnum eigi að viðurkenna rétt sérhvers manns til þess að taka þátt í menningarlífi. Í annarri grein samningsins er svo almennt jafnréttis ákvæði sem skyldar ríki til þess að tryggja að réttindum þeim sem tryggð eru í samningnum sé framfylgt án nokkurrar mismununar vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ættternis eða annarra aðstæðna.

Í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmála) er einnig að finna ákvæði þar sem fjallað er um rétt til menningarlífs, í 2. tl. 31. gr. segir að aðildarríki skuli virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómsundaiðju. Í 23. gr. er fjallað um aðgerðir ríkis til þess að andlega eða líkamlega fatlað barn fái notið fulls og sómasamlegs lífs sem stuðli að virkri þátttöku þess í samfélaginu. Í 3. tl. sömu greinar er fjallað um þá aðstoð sem ríki ætti að veita til þess að tryggt sé að fatlað barn hafi í raun aðgang að og njóti menntunar, þjálfunar, heilbrigðisþjónustu, endurhæfingar, starfsundirbúnings og möguleika til tómsundaiðju þannig að stuðlað sé að sem allra mestri félagslegri aðlögun og þroska þess, þar á meðal í menningarlegum og andlegum efnum.

Í samning sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun er í 30. gr. fjallað m.a. um þátttöku í menningarlífi. Í 1. tl. segir að aðildarríki viðurkenni rétt fatlaðra til þess að taka þátt, til jafns við aðra, í menningarlífi og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlaðir hafi aðgang að



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

menningarefni í aðgengilegri framsetningu og hafi aðgang að sjónvarpsdagskrám, kvikmyndum, leikhúsi og öðrum athöfnum á sviði menningar í aðgengilegri framsetningu. Jafnframt að fatlaðir hafi aðgang að stöðum þar sem flutningur menningarefnis eða þjónusta á sviði menningar fer fram s.s. leikhúsum, söfnum o.fl. og hafi aðgang að minnisvörðum og stöðum sem eru mikilvægir í þjóðmenningarlegu tilliti. Aðildarríki eiga einnig að gera ráðstafanir til þess að fatlaðir fái tækifæri til þess að þroska og nota sköpunargáfu sína og listræna vitsmunalega getu, ekki aðeins í eigin þágu heldur einnig í því skyni að auðga mannlíf í eigin samfélögum. Í 9. gr.samningsins er svo fjallað almennt um aðgengi fatlaðra að byggingum og þjónustu sem veitt er almenningi.

MRSÍ telur að ekki sé nægilega um það fjallað í menningarstefnunni að þátttaka fatlaðra bæði barna og fullorðna í menningarlífi sé tryggð og að aðgengi fatlaðra að menningarstarfsemi sé fullnægjandi. Aðeins er fjallað um í lið 1.2 menningarþátttaka; að tryggt sé aðgengi fyrir alla þjóðfélagshópa óháð búsetu og efnahag. Þar er ekki sérstaklega nefnt aðgengi fatlaðra eða annarra þjóðfélagshópa sem koma þarf til móts við sérstaklega til þess að aðgengi þeirra sé tryggt til jafns við aðra. MRSÍ beinir því til þingsins að skoða menningarstefnuna með hagsmuni allra einstaklinga í landinu í huga.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur